





Vopnafjörður



## DEILISKIPULAG OG UMHVERFISSKÝRSLA

Athafna- og urðunarsvæði á Búðaröxl, Vopnafirði



dags. 4. janúar 2013



## EFNISYFIRLIT

1 Forsendur	3	4.3.7 Bílastæði	14
2 Markmið	4	4.3.8 Skilti og merkingar	14
3 Tengsl við aðrar áætlanir og núverandi staða	5	4.3.9 Sorpgeymslur	14
3.1 Staðhættir	7	4.3.10 Lagnir og ræsi	15
3.2 Athafnasvæði	7	4.3.11 Háspennulína	15
3.3 Lífríki	8	4.3.12 Jarðstrengur	15
3.4 Fornminjar	8	4.3.13 Áfangaskipting	15
3.5 Jarð- og jarðvegsfræði	8	4.4 Iðnaðarsvæði	15
3.6 Rafmagnslínur	8	5 Umhverfisskýrsla	16
4 Skipulagssvæðið	9	5.1 Samantekt umhverfismats	16
4.1 Almennt	9	5.2 Grunnástand	16
4.2 Áfangalýsing uppbyggingar		5.3 Aðferð og framsetning	17
4.2 Urðunarsvæði	9	5.4 Umhverfispættir og viðmið	17
4.2.1 Urðun	10	5.5 Mat á umhverfisáhrifum	19
4.2.2 Gas og lykt	10	5.5.1 Vatnsgæði	19
4.2.3 Sigvatn og yfirborðsvatn	10	5.5.2 Jarðvegur	19
4.2.4 Sýnataka	10	5.5.3 Gróður og dýralíf	20
4.2.5 Girðing	11	5.5.4 Lykt	20
4.2.6 Jarðvegsmanir	11	5.5.5 Efnahagur og atvinnulíf	20
4.2.7 Trjá- og runnagróður	11	5.5.6 Atvinnuhúsnæði	20
4.2.8 Nýting	11	5.5.7 Landslag og ásýnd	20
4.2.9 Frágangur	11	5.5.8 Umfjöllun um valkosti	21
4.3 Athafnasvæði	12	5.5.9 Niðurstaða umhverfismats	21
4.3.1 Vegir, stígar og reiðvegir	12	5.6 Vöktunaráætlun	22
4.3.2 Lóðir	12	6 Kynning og samráð	23
4.3.3 Nýtingarhlutfall lóða	12	7 Málsmeðferð og afgreiðsla	25
4.3.4 Byggingarreitir	13	8 Heimildir	27
4.3.5 Núverandi byggingar	13	9 Viðaukar	29
4.3.6 Byggingar	13		



Skipulag þetta er unnið á teiknistofunni Teikn á lofti – ráðgjöf og hönnun af Halldóri Jóhannssyni og Lilju Filippusdóttur landslagsarkitektum. Aftan við greinargerð þessa er umhverfisskýrsla og meðfylgjandi er deiliskipulagsuppráttur í mkv. 1:2.000 dagsettur 4. janúar 2013 auk skýringaruppráttar með sniðum.

## 1 FORSENDUR

Skipulag þetta snýr að núverandi urðunarsvæði og lóðum fyrir athafnastarfsemi á Búðaröxl, ofan þéttbýlisins á Vopnafirði og norðan við svokallað Hraun. Nýr Norðausturvegur dregur mörk svæðisins til norðvesturs og klettarnir í Hrauni til suðausturs. Skipulagssvæðið er í eigu Vopnafjarðarhrepps og er sveitarfélagið einnig rekstraraðili urðunarsvæðisins.

Skipulagssvæðið sem um ræðir er um 46 ha að stærð og skiptist í athafnalóðir (um 20 ha), tvær iðnaðarlóðir (um 0,3 ha), núverandi og framtíðar urðunarsvæði (um 7,9 ha), götur og opin svæði.

### Urðunarsvæði

Markmið skipulagsins er m.a. að leggja fram stefnu í urðunarmálum á svæðinu svo sækja megi um nýtt starfsleyfi til Umhverfisstofnunar en vegna umsvifa í fisk- og sláturvinnslu síðastliðin ár hefur magn úrgangs til urðunar farið yfir leyfð mörk. Hollustuvernd ríkisins, nú Umhverfisstofnun, veitti Vopnafjarðarhreppi starfsleyfi til að meðhöndla heimilis- og rekstrarúrgang, allt að 500 tonnum á ári, til 5. september 2012.

Einungis magn lífræns úrgangs er orðið um 500 tonn sem fara til urðunar árlega. Á milli 250-300 tonn af slátur- og fiskúrgangi er og hefur verið nýttur til eldisfóðurs árlega auk þess sem færst hefur í aukana að sláturúrgangur sé þveginn og sendur úr landi til nýtingar þar. Upprunaflokkun úrgangs var tekin upp í sveitarfélaginu haustið 2010 og hefur það dregið úr urðun almenns sorps. Þrátt fyrir þessar ráðstafanir er enn töluvert magn lífræns úrgangs sem fer til urðunar. Ljóst er því að óska þarf eftir aukinni urðunarheimild á urðunarsvæðinu á meðan ekki finnst ásættanleg úrlausn á förgun sláturúrgangs á landshlutanum.

Til stendur því að sækja um starfsleyfi til urðunar á allt að 1.000 tonnum á ári. Í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 eru taldar upp þær framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum og undir lið 12 eru "Förgunarstöðvar þar sem spilliefni eru brennd, meðhöndluð með efnum eða urðuð. Aðrar förgunarstöðvar úrgangs sem meðhöndla meira en 500 tonn af úrgangi á ári." Unnin verður því umhverfisskýrsla samhliða deiliskipulaginu og mun sveitarfélagið, sem er framkvæmdaraðili urðunarsvæðisins, vinna að gerð umhverfismatsskýrslu áður en sótt verður um framkvæmdaleyfi.

### Athafnasvæði

Stefna skipulagsins fyrir athafnasvæði er að bjóða uppá ýmsar gerðir lóða fyrir fjölbreytta starfsemi. Á athafnasvæðinu stendur núverandi rafstöðvarhús Rariks á skilgreindri lóð, steypustöð á skilgreindri lóð og olíumalarböndunarstöð á skilgreindri lóð. 66 kV loftlína liggur eftir svæðinu endilöngu en 11 kV strengur er grafinn hlykkjótt milli reiðvegjar og loftlínu. Nýjar athafnalóðir eru skilgreindar sunnan rafínunnar á ræktuðu graslendi.

Þrátt fyrir fólksfækkun í sveitarfélaginu gengur atvinnulífið vel og þörf er á að bjóða uppá athafnalóðir fyrir ýmsa almenna þjónustu við íbúa. Einnig er litið til þess að hröð þróun geti orðið í Norðurlóðamálum og vill Vopnafjarðarhreppur sýna fram á að aðstaða er til staðar fyrir þjónustuhöfn í firðinum. Nú er hafið útboð vegna olíuleitar á Drekasvæðinu og leita olíuleitarfyrirtæki að hentugum þjónustuhöfnum. Höfnin í Vopnafirði er nokkuð miðjusettt í þéttbýlinu og góð tengsl verða á milli hafnarsvæðis og umrædds athafnasvæðis með tilkomu nýs Norðausturvegar.

Í skýrslu sem gefin var út af iðnaðarráðuneytinu árið 2008, Þjónustumiðstöð fyrir olíuleit á Drekasvæðinu – Staðarval og aðstöðusköpun kemur fram að á rannsóknarborunarstigi er krafist hafnar- og athafnasvæðis með allt að 5 ha landsvæðis auk viðlegukants upp á 100-200 m með 10 m djúpristu. Á athafnasvæði þarf



birgðastöð fyrir rekstrarvörur að vera fyrir hendi í nánd við hæfilega stóra og örugga höfn. Rekstrarvörur sem um er rætt eru t.d. borstangir, fóðurrör, sement, íblöndunarefni fyrir borefju, eldsneyti, vistir og varahlutir. Að auki ætti mengunarvarnarbúnaður vegna olíuslysa að vera til staðar.

Á rannsóknarstigi má búast við að þjónusta þurfi starfsmenn bæði á landi og á sjó. Á hverjum borpalli eða borskipi má gera ráð fyrir 60-80 starfsmönnum sem taka bæði stutt og löng vaktafrí. Í styttri fríum má gera ráð fyrir að flestir dvelji á Íslandi þó þeir sæki til síns heima í lengri vaktafríum. Húsnæði og afþreying yrði því byggð upp bæði í Vopnafirði og á Þórshöfn.

#### iðnaðarsvæði

Aðveitustöð Rariks og Landsnets er á skilgreindri iðnaðarlóð. Einnig er gert ráð fyrir dælustöð á skilgreindri iðnaðarlóð.

## 2 MARKMIÐ

Helstu markmið skipulagsins eru:

- að skipuleggja fjölbreyttar athafnalóðir fyrir frekari uppbyggingu atvinnulífs í sveitarfélaginu
- að fella byggð að landi og náttúrulegum aðstæðum eins og unnt er
- að stuðla að skipulagðri, áfangaskiptri urðun á stækkuðu urðunarsvæði
- að vanda fyrirkomulag og frágang urðunarsvæðis svo ásýnd verði góð bæði á meðan á notkun stendur og eftir notkun
- að hafa sem minnst neikvæð áhrif á náttúru og lífríki eins og hægt er


### 3 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR OG NÚVERANDI STAÐA

Aðrar áætlunir snerta stefnu og mótun deiliskipulagsins og gerð er grein fyrir þeim hér að neðan:

Heiti áætlunar	Viðbrögð við stefnu í tengdum áætlunum
Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2004-2016	<p>Landsáætlun stefnir að því að draga markvisst úr myndun úrgangs, auka endurnotkun og endurnýtingu hans og minnka magn úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar.</p> <p>Sveitarfélagið hefur tekið upp upprunaflokkun úrgangs og þar með hefur magn almenns úrgangs til urðunar dregist saman. Leitað er ásættanlegra leiða fyrir förgun sláturúrgangs á landshlutanum.</p>
Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005-2020; Austurland	<p>Tilgangur svæðisáætlunar er m.a. að tryggja viðeigandi meðhöndlun fyrir þá úrgangsflokka þar sem sérstakar reglur, takmarkanir eða bönn gilda s.s. lífrænn og slátur- og dýraúrgangur.</p> <p>Í tillögu svæðisáætlunar fyrir Vopnafjarðarhrepp segir að kannaðir verði möguleikar á miðlægri jarðgerð sem taki við þeim lífræna úrgangi sem ekki nýtist í loðdýrafóður og fiskimjölsframleiðslu. Einnig er lagt til að sláturúrgangur verði nýttur eins og hægt er í framleiðslu loðdýrafóðurs. Það sem ekki nýtist verði hakkað og pressað til að auka þurrefnishlutfall. Þurri hlutinn geti þá nýst í jarðgerð eftir hitameðhöndlun eða sambærilegt.</p> <p>Lagt er til að unnin verði aðlögunaráætlun um hvernig eigi að laga núverandi urðunarstað að hertum kröfum, sbr. reglugerð nr. 738/2003.</p> <p>Ekki er enn talin forsenda fyrir jarðgerðarstöð á landshlutanum þar sem magn lífræns úrgangs er ekki það mikið. Sláturúrgangur er og hefur verið nýttur í loðdýrafóður að miklu leiti og útflutningur á sláturúrgangi aukist. Það sem ekki nýtist til fóðurgerðar er urðað þar sem úrgangi er blandað saman við stoðefni, s.s. heimilisérgang og jarðveg.</p> <p>Aðlögunaráætlun hefur ekki verið gerð fyrir urðunarsvæðið en lagt er til að litið verði á deiliskipulag, sem unnið er að, sem forvinna þessarar áætlunar. Aðlögunaráætlun ætti að fela í sér minnkaða urðun og leggja áherslu á að finna framtíðarlausn á förgun sláturúrgangs.</p>
Aðalskipulag Vopnafjarðar 2006-2026.	<p>Aðalskipulagið stefnir að því að draga úr umfangi sorps til urðunar með aukinni upprunaflokkun. Áætlað er að gera svæðisbundna áætlun um hvernig draga megi markvisst úr myndun úrgangs.</p> <p>Upprunaflokkun sorps er hafin í sveitarfélaginu með safnstöð á Búðaröxl bæði fyrir fyrirtæki og einstaklinga eins og áætlun aðalskipulags gerir ráð fyrir. Flokkuðu sorpi er ekið á móttökustöð á Akureyri.</p> <p>Svæðisbundna áætlun hefur ekki verið unnin fyrir Vopnafjarðarhrepp en slík áætlun yrði líklega unnin ef til sameiningar sveitarfélaga eða sameiginlegs sorpsamlags kæmi og umfang sorps myndi aukast.</p>



<p>Skógræktaráætlun skógræktarfélags Vopnafjarðar - Tangaskógur</p>	<p>Markmið skógræktaráætlunar er m.a. að bæta umhverfið með öflugum og fjölbreyttu vistkerfi sem skógurinn færir auk þess að græða upp rofsvæði. Skóginum er einnig ætlað að veita skjól, milda og bæta veðurskilyrði í þéttbýlinu sem og bæta aðstöðu til útivistar.</p> <p>Stefna deiliskipulagsins fellur vel að áætlun skógræktarinnar með því að loka og græða upp yfirborð urðunarsvæðis auk þess að brjóta upp og mýkja ásýnd athafnasvæðisins. Einnig veitir gróðurinn skjól og bætir nærumhverfi ásamt því að draga úr hættu á foki sorps á svæðinu.</p>
<p>Náttúruminjaskrá</p>	<p>Nýpslón og Skógalón falla undir aðrar náttúruminjar nr. 603. Það sem minjaskráin vill vernda eru fjörunnar og grunnsævið. „Lónin eru grunn og sólt og mikið dýralíf er þar við sérstæð skilyrði, einkum í Skógalóni“.</p> <p>Skógalón er innan við Nýpslón og neðan við skipulagssvæðið. Skipulagið gerir ráð fyrir vöktun mengunar í sigvatni frá urðunarsvæðinu.</p>



Kort 1 Úr tillögu að breyttu Aðalskipulagi Vopnafjarðar 2006-2026, m.s.br. sem auglýst er samhlíða. Skipulagssvæðið nær til athafna-, iðnaðar- og urðunarsvæðis ofan þéttbýlisins.



### 3.1 Staðhættir

Kolbeinstangi liggur NA-SV með aflöngu klettabelti eftir tanganum miðjum. Þéttbýlið Vopnafjörður situr á miðjum austanverðum tanganum. Skipulagssvæðið er staðsett á Búðaröxl, ofan þéttbýlisins og norðan við svokallað Hraun. Urðunarsvæði teygir sig til suðvesturs eftir ræktuðu graslendi á nokkuð aflíðandi sléttu. Nýr Norðausturvegur dregur mörk svæðisins til norðvesturs en brött grasi vaxin brekka, s.k. Lónsbrekka, liggur í framhaldi niður að Skógalóni.

Athafnasvæði er skipulagt sunnan urðunarsvæðisins. Klettur og klappir í Hrauni einkenna svæðið og afmarka það til suðurs og er landhalli allt að 10%.

Trjágróðri hefur verið plantað norðan og sunnan svæðisins og er þar gott útivistarland fyrir bæjarbúa.

### 3.2 Athafnasvæði

Athafnasvæði á aðalskipulagi eru þrjú. Eitt norðaustan núverandi íbúabyggðar og tvö vestan við þéttbýlið á Búðaröxl og nær skipulag þetta til þeirra tveggja síðarnefndu. Þar er núverandi athafnasvæði og gert ráð fyrir frekari uppbyggingu.

Almennt álit er um að skilgreint athafnasvæði norðaustan núverandi íbúabyggðar verði nýtt sem íbúðarsvæði frekar en athafnasvæði í framtíðinni. Ekki er því litið á það svæði sem uppbyggingarkost að sinni þar sem það er ekki talið tímabært að ráðstafa svo verðmætu undirlendi.



Mynd 1 Horft til norðvesturs yfir skógræktarsvæði og í bakgrunni sést Skógalón.



Mynd 2 Horft yfir opið svæði til norðurs á gatnamótum Norðausturvegar og Búðaraxlar. Þar hefur trjám og runnum verið plantað.

### 3.3 Lífríki

Á deiliskipulagssvæðinu er mest ræktað graslendi en mýrarflákar liggja á milli klappanna í Hrauni ofan svæðisins og teygja þeir sig niður að graslendinu. Landhalli er til norðvesturs niður að Skógalóni og hættu er á að yfirborðs- og sigvatn renni niður í Skógalón. Lónið er á náttúruminjaskrá vegna þess að sjór berst inn í það og skapast þá sérstæðar aðstæður fyrir lífríki en í botn þess berst ferskvatn frá Vesturá.

Skógrækt hefur verið stunduð á aðliggjandi svæðum og nefnist hún „Tangaskógar“. Teygir hún sig norður eftir Lónsbrekkum og suður meðfram þéttbýlinu. Þar hefur skapast skemmtilegt svæði til útivistar. Gengið hefur verið frá elsta hluta urðunarsvæðisins og þar plantað trjám og runnum. Stefna skógræktarfélagsins er að auka skógrækt á aðliggjandi svæðum sem fellur vel að þeim áformum um frágang urðunarsvæðisins þegar urðun er lokið. Mun svæðið þá mynda samfellda „trjáþekju“.

Dýralíf innan svæðisins einkennist af fáeinum fuglum sem sækja í graslendið og mýrarflákana en svæðið er ekki þekkt fyrir fjölbreytt dýralíf.

### 3.4 Fornminjar

Engar skráðar fornminjar eru á svæðinu.

### 3.5 Jarð- og jarðvegsfræði

Austurland ásamt Vestfjörðum eru blágrýtismyndanir frá síð-tertiér, eldra en 3,3 milljón ára, og eru elstu hlutar Íslands. Bergið er úr basísku og ísúru gosbergi og setlögum. Jarðvegur á Kolbeinstanga er brúnjörð-svartjörð og votjörð (Nytjaland.is)

### 3.6 Rafmagnslínur

66 kV loftlína liggur í gegnum svæðið með 25 m helgunarsvæði. Einnig er 11 kV jarðstrengur plægður í jörðu.

## 4 SKIPULAGSSVÆÐIÐ

### 4.1 Almennt

Tvenns konar starfsemi fer fram á skipulagssvæðinu, þ.e. sorpurðun og athafnastarfsemi. Tvær iðnaðarlóðir eru á svæðinu en á annarri stendur aðveitustöð Raríks og Landsnets og á hinni er gert ráð fyrir nýrri dælustöð. Svæðið er aflangt og fylgir klappabelti NA-SV. Greiðar umferðatengingar eru frá og inn á svæðið í suðvestri og norðaustri. Töluverður landhalli er á skipulagssvæðinu og reynt hefur verið að aðlaga götur og lóðir að landi eins og unnt er. Götur eru fimm og hafa verið skilgreindar sem A, B, C, D og E. Lóðir eru alls 53 talsins og af ýmsum stærðum og gerðum þar sem gert er ráð fyrir fjölbreyttri athafnastarfsemi. Smærri lóðir eru í meiri landhalla en stærri lóðir í minni landhalla.

Göngustígar liggja meðfram vegum og reiðleið þverar skipulagssvæðið.

Háspennulína liggur að hluta til í gegnum svæðið. Lagnir verði í jörðu meðfram vegum.

### 4.2 Urðunarsvæði

Urðunarsvæðið skiptist í núverandi urðunarsvæði sem eru um 3,3 ha að stærð og framtíðar urðunarsvæði, um 4,6 ha að stærð. Á núverandi urðunarsvæði hefur blönduðum úrgangi verið fargað. Á framtíðar urðunarsvæði verði áfram gert ráð fyrir blönduðum úrgangi. Í landsáætlun er stefnt að lágmörkun úrgangs og til að fylgja eftir þeirri stefnu var hafist handa við að flokka sorp. Með tilkomu upprunaflokkunar má gera ráð fyrir minnkun almenns sorps frá heimilum og fyrirtækjum en samhliða aukinni athafnastarfsemi á svæðinu má gera ráð fyrir aukinni urðun því tengdu þrátt fyrir flokkun.

Reynt hefur verið að lágmarka urðun sláturúrgangs enda um sóttmengaðan úrgang að ræða og niðurbrot hans hér á landi er mjög hægvirkt. Sláturúrgangur er stór hluti þess úrgangs sem urðaður er eða um 42% árið 2011. Sláturfélag Vopnfríðinga vinnur stöðugt í lausnum á að takmarka sláturúrgang með fódurgerð en einnig hafa ákveðnir hlutar verið þvegnir og fluttir úr landi. Ef til kemur aukinn kostnaður við urðun lífræns úrgangs hvetur það enn frekari þróun í nýtingu sláturúrgangs og jafnvel jarðgerð.

Smæð sveitarfélagsins hefur gert það að verkum að ekki hefur verið talið arðbært að koma upp jarðgerðar- né gassöfnunarbúnaði til að fylgja eftir kröfum reglugerða. Undanþága hefur verið fengin frá kröfum um söfnun hauggass og eftirliti með hauggasi þar sem urðunarstaðurinn þjónar afskekktri byggð. Þreyfingar hafa verið í gangi er snúa að stofnun sorpsamlags með nágrannasveitarfélögum en líklegt er að sú umræða aukist í náinni framtíð e.t.v. með sameiningu fleirri sveitarfélaga.



Mynd 3 Eldra, núverandi og fyrirhugað urðunarsvæði



## Skilmálar - urðunarsvæði

### 4.2.1 Urðun

Eftir að flokkun hófst í sveitarfélaginu er einna helst gert ráð fyrir urðun heimilissorps og ýmiss lífræns úrgangs. Verði meðhöndlun og urðun unnin skv. reglugerðum nr. 737/2003 og 738/2003.

Urðað hefur verið í reinum og er úrgangur bygður samdægurs með jarðvegi. Gert er ráð fyrir að sami háttur verði á áfram. Gengið verði frá hverjum áfanga urðunarsvæðis þegar hann hefur verið fullnýttur.

### 4.2.2 Gas og lykt

Metangas myndast við loftfirrt niðurbrot á lífrænum úrgangi. Gera má því ráð fyrir að eitthvað metangas komi frá urðunarsvæðinu þó hefur verið sýnt fram á að niðurbrot urðaðs sláturúrgangs hér á landi sé mjög hægvirkt (Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2004-2016:2004). Ekki verður gert ráð fyrir gassöfnun á svæðinu á grundvelli smæðar og afskekkrar byggðar sbr. 26. gr. reglugerðar um urðun úrgangs nr. 738/2003 (sjá viðauka).

Lykt af völdum gasframleiðslu á urðunarsvæðum er óhjákvæmileg en henni hefur verið haldið í lágmarki með skjótum frágangi hverju sinni. Ef vart verður við ólykt skal blanda meiri stoðefnum við úrganginn eða á annan hátt draga úr lyktinni.

Fjarlægð urðunarstaðar frá íbúðarsvæðum í Vopnafirði er yfir 500 m eins og 12. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs gerir ráð fyrir. Ekki hefur borið á lyktarmengun frá urðunarsvæðinu í þéttbýlinu.

### 4.2.3 Sigvatn og yfirborðsvatn

Sigvatn kallast það þegar ofanvatn seytlar í gegnum urðunarstað og skolar með sér ýmsum mengandi efnum. Til að koma í veg fyrir að mengun úr urðunarsvæði berist út í náttúruna með sigvatni er lagt til að drenlag verði neðsta lag urðunarsvæðis ofaná þéttu lagi. Með því verði sigvatni veitt í viðeigandi hreinsivirki áður en því verði sleppt áfram út í náttúrulega hringrás vatns. Einnig skal gera ráð fyrir skurði neðan svæðisins sem taka mun á móti mögulega menguðu yfirborðsvatni og verði það leitt í setþró.

Reynt verði að komast hjá því að yfirborðsvatn berist inn á bæði frágengin urðunarsvæði og urðunarsvæði í notkun. Við uppbyggingu athafnasvæðis er gert ráð fyrir holræsakerfi sem taka mun við yfirborðsvatni og leiða það í setþrær og olíusíur. Áður en uppbygging á athafnasvæðinu á sér stað skal grafinn skurður ofan urðunarsvæðis sem leiða mun hreint yfirborðsvatn frá urðunarsvæðinu og koma í veg fyrir óþarfa mengun vatns.

Unnin verði rannsókn á þéttleika jarðlaga og tekin skal ákvörðun í framhaldi af því hvort þörf er á botnþéttingu eða ekki.

### 4.2.4 Sýnataka

Sýni hafa verið tekin einu sinni á ári af fulltrúa Heilbrigðiseftirlits Austurlands. Tvö sýni hafa verið tekin úr sitt hvorum fráveituskurðinum frá núverandi urðunarsvæði. Hefur sýnataka leitt í ljós að mæld efni hafa verið undir losunarmörkum og frágangsmál því ásættanleg (sjá viðauka).

Með stækkun svæðisins er gert ráð fyrir sérstökum sýnatökusvæðum og aðstöðu til að mæla rennsli. Verði þau völd af fulltrúum heilbrigðiseftirlits og sveitarfélags.

#### 4.2.5 Girðing

Girðing er umhverfis núverandi urðunarsvæði. Framtíðar urðunarsvæði verði einnig girt af með allt að 3 m háum girðingum til að hindra aðgengi manna og dýra um svæðið. Einnig kemur girðing að mestu í veg fyrir að urðunarefni fjúki út af svæðinu.

#### 4.2.6 Jarðvegsmanir

Gert er ráð fyrir lágri jarðvegsmön, ca. 100 cm, meðfram svæðinu vestanverðu milli Norðausturvegar og urðunarsvæðis. Mun hún byrgja sýn inn á svæðið frá Norðausturvegi en urðunarsvæði liggur hærra í landi en áætlaður vegur og mun ásýnd inn á svæðið vera takmörkuð.



Mynd 4 Hugmynd af uppbyggingu urðunarsvæðisins

#### 4.2.7 Trjá- og runnagróður

Á mönina verði plantað trjá- og runnagróðri. Slíkt skjólbelti mun bæði draga úr foki auk þess sem ásýnd svæðisins breytist og gefur því hlýlegra yfirbragð.

Eins og fyrr segir hefur trjám verið plantað á eldra urðunarsvæði og gera má ráð fyrir að trjáplöntur hafi jákvæð áhrif á upptöku yfirborðsvatns á því svæði. Gert er ráð fyrir samskonar frágangi eftir lokun framtíðarurðunarsvæðis sem leiðir af sér minna magn sigvatns.

#### 4.2.8 Nýting

Gert er ráð fyrir að sótt verði um leyfi til urðunar á allt að 1.000 tonnum á ári. Framtíðar urðunarsvæði er um 4,6 ha að flatarmáli en dýpt þess fer eftir jarðlögum. Dýpt urðaðs efnis á núverandi svæði er ca. 3-5 m en yfirborð svæðis hækkar ca. 0,5-1 m eftir frágang. Svæðið er talið duga næstu 10-15 árin m.v. þá íbúafjölgun sem aðalskipulag gerir ráð fyrir, þ.e. 1-1,5%.

#### 4.2.9 Frágangur

Stefna sveitarfélagsins er að skila urðunarsvæðinu, að notkun lokinni, ekki lakara ásýndar en áður en framkvæmdir hófust. Gert er ráð fyrir að urðun og frágangur verði áfangaskiptur. Við frágang urðunarsvæðisins skal leirkenndum jarðvegi þjappað ofaná urðunarreinar með sandlagi þar ofaná. Þetta er gert svo yfirborðsvatn seytili síður niður í gegnum urðunarsvæðið. Efsta lag yfirborðs verði jarðvegur sem plantað skal í. Með útplöntun mun svæðið falla að aðliggjandi skógrækt og mun mögulega nýtast til útivistar.



## 4.3 Athafnasvæði

Skipulagið gerir ráð fyrir um 20 ha fyrir nýjar athafnalóðir. 53 lóðir eru skilgreindar á svæðinu þar af 49 fyrir nýjar byggingar á athafnalóðum. Í skipulaginu er reynt að aðlaga byggingalóðir að því landslagi sem einkennir svæðið. Stórar lóðir fyrir sambyggð hús eru því skipulögð á flatanum austan Búðaraxlar, stærri lóðir stakra bygginga eru ráðgerðar niður með tengiveginum (götu - B) sem þverar svæðið og minni lóðir stakra bygginga er ráðað upp eftir landhallanum.

Innanum athafnalóðirnar er gert ráð fyrir gróðurreitum sem skapa eiga hlýlega umgjörð um byggingarnar og fella svæðið betur að aðliggjandi skógrækt.

### Skilmálar - athafnasvæði

#### 4.3.1 Vegir, stígar og reiðvegir

Skipulagið gerir ráð fyrir aðkomu á tvo vegu inn á svæðið. Tengivegur liggur eftir skipulagssvæðinu endilöngu og tengist Norðausturvegi til suðvesturs og Búðaröxl til norðausturs (gata - B).

Einstaka lóðir eru með innkeyrslu af tengiveginum en húsagötur tengja lóðir við tengivegin. Innkeyrslur á lóðir eru almennt frá þessum götum og eru þær sýndar á mæliblöðum. Ef lóðarhafi óskar að breyta innkeyrslu inn á lóð þarf samþykki bygginganefndar Vopnafjarðarhrepps. Lóðarhafi þarf sjálfur að standa straum af kostnaði sem af því getur hlotist, s.s. færslu á lögnum í jörðu og götulýsingu.

Vegir verði a.m.k. 7 m breiðir og með bundnu slitlagi.

Gert er ráð fyrir að göngu- og hjólastígar verði samsíða öllum vegum, a.m.k. öðru megin og skapi þannig gott aðgengi á milli atvinnu- og íbúðarsvæða.

Göngu- og hjólastígar verði a.m.k. 2 m breiðir og með bundnu slitlagi.

Reiðvegur liggja í gegnum svæðið samsíða vegi, frá hesthúsum, sunnan skipulagssvæðis, að Búðaröxl og áfram norður og niður Lónabrekkur.

Reiðvegur verði a.m.k. 3 m breiður og uppbyggður í samráði við staðla Vegagerðar um reiðvegi.

#### 4.3.2 Lóðir

Lóðir eru skilgreindar á deiliskipulagsupprætti og eru 53 talsins.

Skulu lóðarhafar samliggjandi lóða hafa samráð um frágang á lóðarmörkum. Þar sem lóð liggur að ósnortnu, opnu landi skal þess gætt að ekki verði hæðarstallur á lóðarmörkum og skal haga frágangi þannig að skaði verði sem minnstur. Óheimilt er að ryðja jarðvegi út fyrir lóðarmörk.

Vanda skal frágang lóða með gróðri og snyrtilegu aðgengi. Gera skal a.m.k. eina göngutengingu af lóð þar sem lóð liggur að götu. Hámarkshalli jarðvegsfláa er 1:3, nema ef um steinhleðslu sé að ræða.

Lóðarhafar skulu leitast við að vinna náið með bygginganefnd um gróðurumgjörð og frágang á lóðum sínum.

Fyrirvari er gerður á nákvæmni í deiliskipulagsupprætti t.d. um stærð lóða og byggingarreita. Afmörkun getur breyst lítillega við nánari hönnun og vinnslu mæli- og hæðarblaða. Komi fram misræmi, gilda upplýsingar á mæliblaði.

### 4.3.3 Nýtingarhlutfall lóða

Hámarks nýtingarhlutfall lóða er 0,3. Lóðarhafa ber ekki skylda til að nýta hámarkið.

### 4.3.4 Byggingarreitir

Byggingarreitir eru sýndir á deiliskipulagsupprætti og mæliblöðum og eru 49 athafnalóðir. Skulu byggingar vera innan byggingarreita, einnig svalir, skyggni og léttar byggingar úr gleri. Byggingarreitir eru almennt 5 m innan við lóðarmörk, sjá upprætti og mæliblöð.

Heimilt er að nýta byggingarreitinn innan þess ramma sem reiturinn gefur og ákvæði um hámarksnýtingu segja til um. Breytingar geta orðið á byggingarreitum við nánari útfærslu mæliblaða og/eða við sameiningu/uppskiptingu lóða.

Framsetning aðaltekninga skal fylgja byggingarreglugerð nr. 112/2012. Aðaltekningum skal fylgja lóðaruppráttur sem sýnir hæðartölur á landi við hús og við lóðamörk, skilti, skjólveggi, gróður og önnur mannvirki sem máli skipta fyrir fyrirkomulag og útlit lóðanna.

Kjallarar eru leyfðir þar sem aðstæður leyfa og teljast þeir inn í nýtingarhlutfall lóðar.

Gera skal grein fyrir efnis- og litavali bygginga og annarra mannvirkja á lóðinni.

Byggingar skulu vera í samræmi við skipulagsskilmála þessa, mæli- og hæðarblöð, gildandi byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir og staðla sem við eiga. Byggingar sem eru á sömu lóð skulu lagðar fyrir byggingarnefnd sem ein heild.

### 4.3.5 Núverandi byggingar

Núverandi byggingar eru tvær, þ.e.

- Búðaröxl 1a, rafstöðvarhús, byggt árið 2009, 696 m<sup>2</sup> að stærð (fastanúmer 231-8285) í eigu RARIKS
- Búðaröxl 1, aðveitustöð, byggð árið 1980, 134,6 m<sup>2</sup> að stærð (fastanúmer 217-2123) í eigu RARIKS og Landsnets



Mynd 5 Rafstöðvarhús RARIKS stendur á hæðinni við hlið aðveitustöðvar á Búðaröxl.



#### 4.3.6 Byggingar

Húsagerðir eru frjálssar hvað varðar útlit, þakgerð og efnisval. Vanda skal hönnun bygginga og fella þær eðlilega að lóð og umhverfi. Ef um eina lóð er að ræða innan sömu lóðar, skal samræma útlit þeirra og efnisval.

Fjölbreytt starfsemi mun fara fram á svæðinu en heimilt verður að byggja tvær hæðir að hámarki 9 m. Það getur t.d. falið í sér skemmu með skrifstofuhæð fyrir ofan.

#### 4.3.7 Bílastæði

Öll bílastæði skulu vera innan viðkomandi lóðar. Fjöldi bílastæða á hverri lóð er skilgreindur sem hlutfall af byggingarmagni.

Kröfur til bílastæða fer eftir starfsemi innan húsnæðis:

Geymsluhúsnæði	1 stæði á hverja 100 m <sup>2</sup> húsnæðis
Almennt atvinnuhúsnæði	1 stæði á hverja 50 m <sup>2</sup> húsnæðis
Skrifstofuhúsnæði	1 stæði á hverja 35 m <sup>2</sup> húsnæðis
Verslunarhúsnæði	1 stæði á hverja 35 m <sup>2</sup> húsnæðis

Bílastæði fyrir hreyfihamlaða skulu vera í samræmi við 6.2.6. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012.

Ekki er heimilt að haga bílastæðum þannig að bakkað sé af þeim beint út á götu.

#### 4.3.8 Skilti og merkingar

Merkingar bygginga og skilti skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012. Gera skal grein fyrir hvernig merkingum verði háttað og sýna hvar skilti verði staðsett á lóð.

#### 4.3.9 Sorpgeymslur

Á tillöguteikningum og á aðaluppdrætti skal gera grein fyrir stærð og staðsetningu sorpgeymsla/gáma. Þeim skal komið þannig fyrir á lóð að auðvelt verði að komast að þeim á hvaða árstíma sem er.

Lögð er áhersla á snyrtilegan frágang á sorpgeymslum.



Mynd 6 Á ræktaða graslendinu eru fyrirhugaðar athafnalóðir.



#### 4.3.10 Lagnir og ræsi

Heitavatns-, kaldavatns- og rafmagnslagnir að lóðum eru sýndar á uppdrætti. Ræsi til söfnunar ofanvatns verði um svæðið. Verði vatnið leitt í setþrær og olfúsúr.

#### 4.3.11 Háspennulína

Háspennulína liggur eftir svæðinu endilöngu frá spennistöð. Línan er 66 kV og meðfram henni er 50 m breitt helgunarsvæði, 25 m til beggja átta. Kannaður verður sá möguleiki að leggja strenginn í jörð að hluta.

#### 4.3.12 Jarðstrengur

Jarðstrengur er einnig eftir endilöngu svæðinu. Hann er 11 kV og er helgunarsvæði hans 3 m, 1,5 m til beggja átta. Nauðsynlegt er að umgangast jarðstrengi með aðgát og varast skal að grafa nálægt þeim.

#### 4.3.13 Áfangaskipting

Áfangaskipting vegna uppbyggingar athafnasvæðis verður með þeim hætti að í 1. áfanga verður uppbygging fyrst og fremst á svæði því er afmarkast að austan af Hestamýrum og áhaldahúsi og flokkunarmiðst sorps en að vestan af fyrirhugaðri götu sem merkt er sem Gata - D á skipulagsuppdrætti. Fyrirhuguð uppbygging við götur B og E tilheyra 2. áfanga í uppbyggingu svæðisins,


### 4.4 Iðnaðarsvæði

Skilgreind iðnaðarsvæði eru tvö, þ.e. um 2.700 m<sup>2</sup> lóð þar sem núverandi aðveitustöð Raríks og Landsnets stendur (lóð 5 við götu - C) og um 800 m<sup>2</sup> lóð fyrir nýja dælustöð (lóð 7 við götu - B). Dælustöðin mun sjá um að frárennsli frá athafnasvæði verði dælt upp á Búðaröxl þar sem það sameinast núverandi fráveitukerfi þéttbýlisins. Gilda sömu skilmálar um nýtingarhlutfall og byggingu og á athafnasvæði.

## 5 UMHVERFISSKÝRSLA

### 5.1 Samantekt umhverfismats

Umhverfisskýrsla þessi fylgir deiliskipulagi fyrir athafna- og urðunarsvæði á Búðaröxl í Vopnafirði. Í henni er mat lagt á áhrif skipulagsins á umhverfið hvort sem um neikvæð eða jákvæð áhrif er að ræða. Samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana (nr. 105/2006) er orðið umhverfi skilgreint sem: „samheiti fyrir samfélag,



Mynd 7 Háspennulína liggur eftir skipulagssvæðinu endilöngu.



heilbrigði manna, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar, eignir, menningararfleifð, þ.m.t. byggingarsögulegar og fornleifafræðilegar minjar, og landslag og samspil þessara þátta.“ Viðfangsefni sem talin eru viðeigandi og geta mögulega orðið fyrir áhrifum við framfylgd skipulagsins eru valin sérstaklega og nefnast þau umhverfisþættir.

Skýrslan byggir á grunnupplýsingum um ástand svæðisins og er mat lagt á möguleg áhrif á umhverfisþætti út frá fyrri reynslu og þekkingu. Upplýsingar voru fengnar m.a. frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Umhverfisstofnun o.fl.

Tengsl skipulagsáætlunar við aðra áætlanagerð hefur verið tekin fyrir og eru rakin í kafla 3 í greinargerð.

## 5.2 Grunnástand

Umhverfisþáttur sem verður metinn	Núverandi ástand
Grunnvatn: <u>Vatnsgæði</u>	Engir brunnar eru á svæðinu en sýni eru tekin einu sinni á ári úr fráveituskurði til að fylgjast með útskolun í vatni af urðunarsvæðinu.  Skógalón er á náttúruuminjaskrá vegna sérstæðra skilyrða fyrir lífverur.
<u>Jarðvegur</u>	Allur jarðvegur á svæðinu er nýttur til að hylja urðað sorp um leið og því er komið fyrir á urðunarstað.
Vistkerfi: <u>Gróður og dýralíf</u>	Skipulagssvæðið er að mestu á ræktuðu graslendi. Engin áhrif eru mælanleg á líf í Skógalóni frá núverandi urðunarstað.
Heilsa: <u>Lykt</u>	Mengun af völdum lyktar er talin óveruleg í dag þar sem reynt er eftir fremsta megni að blanda lífrænum úrgangi við stoðefni og þekja urðunarsvæði með jarðvegi hverju sinni.
<u>Efnahagur og atvinnulíf</u>	Takmarkað framboð er af skipulögðum athafnalóðum.
Byggð og efnisleg verðmæti: <u>Atvinnuhúsnæði</u>	Á skipulagssvæðinu eru tvær byggingar sem snúa að athafna- eða iðnaðarstarfsemi. Landrými býður uppá frekari uppbyggingu.
<u>Landslag og ásýnd</u>	Landslag einkennist af ræktuðu graslendi á aflíðandi sléttu. Annars vegar afmarka klettarnir í Hrauni svæðið til suðurs og hins vegar brött grasbrekka niður í Skógalón til norðurs.  Gengið hefur verið frá eldri hluta urðunarsvæðis og þar plantað trjáplöntum.

### 5.3 Aðferð og framsetning

Forsendur við mat á umhverfisáhrifum byggja á eftirfarandi þáttum:

- viðmiðum í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu
- greiningu sérfræðinga á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti á framkvæmdasvæði
- umsagnir og athugasemdir lögboðinna umsagnaraðila, hagsmunaaðila og almennings sem liggja fyrir

Við mat á umhverfisáhrifum er unnið eftir lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Stuðst er einnig við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um umhverfisskýrslu og um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisþátta.

Umhverfismat er unnið á þann hátt að gerð er svokölluð venslatafla þar sem skilgreindir eru umhverfisþættir sem taldir eru verða fyrir áhrifum við eftirfylgni skipulagsins. Möguleg áhrif eru skilgreind og þeim gefin einkunn skv. neðangreindri töflu.

+	Stefna skipulagsins styður viðmið varðandi viðkomandi umhverfisþátt, stefna skipulagsins hefur jákvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
0	Stefna skipulagsins hefur ekki teljandi áhrif á (viðmið varðandi) viðkomandi umhverfisþátt.
-	Stefna skipulagsins vinnur gegn viðmiðum varðandi viðkomandi umhverfisþátt, stefna skipulagsins hefur neikvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
?	Stefna skipulagsins hefur óljós áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.

Til að veða á móti þeim neikvæðu áhrifum sem fyrirhuguð framkvæmd getur haft á umhverfisþætti getur komið til svokallaðra mótvægisáðgerða þar sem því má koma við.

Leitað verður umsagna Skipulagsstofnunar, Heilbrigðiseftirlits Austurlands og Umhverfisstofnunar við gerð deiliskipulagsins.

### 5.4 Umhverfisþættir og viðmið

Umhverfisþættir eru þeir þættir sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum við framfylgd skipulagsáætlunar. Við val á umhverfisþáttum sem lagðir eru til grundvallar við umhverfismat áætlunarinnar er tekið tillit til viðfangsefna skipulagsins og umhverfisaðstæðna á áætlunarsvæði.

Þeir umhverfisþættir sem umhverfisskýrsla mun gera grein fyrir eru eftirfarandi:

Umhverfisþáttur sem verður metinn	Skýring
Grunnvatn: <u>Vatnsgæði</u>	Vegna sigvatns



<u>Jarðvegur</u>	Vegna urðunar
Vistkerfi: <u>Gróður og dýralíf</u>	Vegna uppbyggingar athafnalóða
Heilsa: <u>Lykt</u>	Vegna urðunar
<u>Efnahagur og atvinnulíf</u>	Vegna athafnasvæðis
Byggð og efnisleg verðmæti: <u>Atvinnuhúsnæði</u>	Vegna athafnasvæðis
<u>Landslag og ásýnd</u>	Vegna breyttrar landnotkunar

Skipulagið var unnið með hliðsjón af eftirtöldum viðmiðum og gögnum:

- Lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003
- Lögum um náttúruvernd nr. 44/1999
- Lögum um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006
- Skipulagslögum nr. 123/2010
- Þjóðminjalögum nr. 107/2001
- Reglugerð um loftgæði nr. 787/1999
- Reglugerð um urðun úrgangs nr. 738/2003
- Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999
- Fornleifaskráningu í Vopnafjarðarhreppi
- Gróðurfars- og dýralífsathugunum sem gerðar hafa verið af Náttúrustofu Austurlands á aðliggjandi svæði
- Náttúruminjaskrá
- Válisti Náttúrufraeðistofnunar Íslands fyrir plöntur, fugla og spendýr

## 5.5 Mat á umhverfisáhrifum

Áherslur er varða fyrirkomulag urðunar:

- að lágmarka sýnileika urðunar og önnur áhrif á umhverfið á vinnslutíma
- hafa sigvatnssöfnunarkerfi allt sjálfrennandi með náttúrulegum landhalla

- lágmarka stærð urðunarhólfs og þar með rask
- að frágangur svæðis verði sem náttúrulegastur

Mat var lagt á umhverfisþætti, þeir skilgreindir og þeim gefin einkunn sbr. töflu að neðan og meðfylgjandi undirkafla.

Valinn þáttur áætlunar	Umhverfisþættir						
	Vatnsgæði	Jarðvegur	Gróður og dýralíf	Lykt	Efnahagur og atvinnulíf	Atvinnu- húsnæði	Landslag og ásjúnd
Urðunarsvæði	0	-	0	?	0	0	-
Athafnasvæði	0	-	0	0	+	+	-

### 5.5.1 Vatnsgæði

Vatn sem hripar í gegnum urðunarsvæði getur blandast mengandi efnum og borið með sér í formi sigvatns. Sýni verði reglulega tekin úr brunni við setþró til að fylgjast með útskolun í vatni. Í skipulaginu er gert ráð fyrir að landmótun verði með þeim hætti að yfirborðsvatn renni síður í gegnum urðunarsvæðið s.s. með skurðum bæði ofan og neðan urðunarsvæðis. Drenlagi verði komið fyrir undir urðunarreinum og afrennsli leitt í setþró. Fylgst verður áfram með efnainnihaldi afrennslis af svæðinu.

Skógalón er á náttúruminjaskrá vegna sérstæðra skilyrða fyrir lífverur og sjá skal til þess að útskolað vatn sé útþynnt í samræmi við staðla og hafi þannig engin áhrif á lífríki Skógalóns.

Hvorki urðunarsvæðið né athafnasvæðið er talið hafa teljandi áhrif á vatnsgæði enda sé fyllstu varúðar gætt við söfnun sigvatns og eftirliti fylgt eftir.

### 5.5.2 Jarðvegur

Allur jarðvegur sem kemur við uppgröft á urðunarsvæðinu er nýttur til að hylja urðað sorp um leið og því er komið fyrir á urðunarstað. Er það sama fyrirkomulag og verið hefur. Jarðvegurinn nýtist einnig sem stoðefni við lífrænan úrgang.

Urðunarsvæði er talið hafa staðbundin neikvæð áhrif á jarðveg.

Við uppbyggingu athafnasvæðis verði höfð jarðvegsskipti fyrir vegi og lóðir. Mun jarðvegurinn nýtast til landmótunar og frágangs á svæðinu. Umframefni gæti nýst sem stoðefni á urðunarsvæði.

Áhrif framfylgd skipulags á jarðveg eru einnig talin staðbundin og neikvæð.

### 5.5.3 Gróður og dýralíf

Skipulagssvæðið er að mestu á ræktuðu graslendi og því ekki mikið rask á náttúrulegu gróðurfari. Ekkert sérstætt dýralíf er á skipulagssvæðinu sem mun raskast.

Einna helst verði lífi í Skógalóni veitt athygli en ekki liggja fyrir neinar mælingar þar um.

Mynd 8 Hugmynd af uppbyggingu urðunarsvæðisins



Lagt er til að mælingar verði gerðar sem fyrst svo hægt verði að fylgjast með þróun áhrifa í vöktunaráætlun.

Stefna skipulagsins er að hreinsa og taka frá bæði yfirborðsvatn og sigvatn af svæðinu. Ætti stefnan því ekki að hafa teljandi áhrif á umhverfisþáttinn gróður og dýralíf.

#### 5.5.4 Lykt

Lykt og gasmyndun er af lífrænum úrgangi. Óljóst er hve mikil gasmyndun verði frá urðunarstaðnum en sótt hefur verið um undanþágu vegna gassöfnunar á svæðinu. Lykt þynnist hratt út með fjarlægð og hefur hún ekki skapað óþægindi í íbúðarbyggð hingað til. Ekki er hægt að segja til um hvort lykt aukist með aukinni urðun lífræns úrgangs þó að frágangur verði til fyrirmyndar og urðunarreinar byrgðar samdægurs.

Lykt af völdum urðunarsvæðis er því talin óljós.

#### 5.5.5 Efnahagur og atvinnulíf

Almennt hefur atvinnulíf á Vopnafirði gengið vel síðastliðin ár þrátt fyrir fólksfækkun. Áherslur í atvinnulífi hafa breyst en þörf er á að bjóða uppá athafnalóðir fyrir ýmsa almenna þjónustu við íbúa. Einnig er litið til þess að hröð þróun geti orðið í Norðurslóðamálum, s.s. vegna olíuleitar. Nýr Norðausturvegur ásamt frambærilegri hafnaraðstöðu og góðum athafnalóðum gerir sveitarfélaginu kleift að bjóða uppá þjónustuhöfn vegna olíuleitar.

Með framboði á athafnalóðum hefur skipulagsbreytingin því óbein jákvæð áhrif á efnahag og atvinnulíf en ekki eru teljandi áhrif af stækkuðu urðunarsvæði.

#### 5.5.6 Atvinnuhúsnæði

Skipulagið býður uppá uppbyggingu atvinnuhúsnæðis með framboði á athafnalóðum sem eru hæfilegri fjarlægð frá íbúabyggð og í tengslum við núverandi athafnasvæði. Áhrif skipulagsins á atvinnuhúsnæði eru talin óbein og jákvæð vegna athafnasvæðis en ekki eru teljadi áhrif af völdum urðunarsvæðis.

#### 5.5.7 Landslag og ásynd

Ljóst er að landslag og ásynd mun breytast töluvert bæði af völdum urðunar og uppbyggingar atvinnuhúsnæðis og gatna. Nú þegar hefur hluta svæðisins verið raskað með urðun og ýmissi starfsemi á borð við steypu- og olíumalarblöndunarstöð. Gengið hefur verið frá eldri hluta urðunarsvæðis og þar plantað trjám.

Í skipulaginu er stefnt að því að ganga frá urðunarsvæði svo ásynd þess verði ekki síðri en í dag. Notkunarmöguleikar svæðisins eftir lokun verða takmarkaðir en með útplöntun geti það orðið hluti af samhangandi útivistarsvæði. Varðandi uppbyggingu á svæðinu verði leitast eftir að halda náttúrulegu formi kletta og að fella byggð að landslagi. Ásynd svæðisins breytist en lögð er áhersla á snyrtilegan frágang og að einkenni landslags fái notið sín.

Stefna skipulagsins er neikvæð á landslag og ásynd auk þess sem hún er talin varanleg og óafturkræf. Með skilmálum skipulagsins um frágang svæða er reynt að draga úr þessum neikvæðu áhrifum.

#### 5.5.8 Umfjöllun um valkosti

Samanburður valkosta fjallar um núllkost annars vegar, þ.e. að gildandi aðalskipulagi verði fylgt eftir og skipulagsáætlun þessa sem 1. valkost hins vegar. Samhliða deiliskipulaginu verði auglýst aðalskipulagsbreyting

sem taka skal gildi áður en deiliskipulag verði samþykkt.

#### Núllkostur

Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið en í aðalskipulagsbreytingu, sem samþykkja þarf áður en deiliskipulagstillaga tekur gildi, er ráðgert athafnasvæði á 52 ha svæði auk þess sem breytingin felur í sér stækkun á urðunarheimild og stækkuðu urðunarsvæði.

Allar helstu forsendur fyrir deiliskipulaginu eru því í breyttu aðalskipulagi.

#### 1. valkostur

Deiliskipulagið nær til um 29 ha af þeim 52 ha athafnasvæðis sem skilgreindir eru á breyttu aðalskipulagi. Urðunarsvæðið er jafn stórt og núllkostur gerir ráð fyrir og krefst framkvæmdin mats á umhverfisáhrifum.

Gert er einnig ráð fyrir aðkomu inn á svæðið á tvo vegu eins og í núllkosti. Aðkoma verði því góð og greið.

Valkostur 1 er ekki talinn hafa áhrif á umhverfið umfram núllkost.

#### 5.5.9 Niðurstaða umhverfismats

Heildræn áhrif skipulagsins eru skoðuð með því að leggja saman áhrif þeirra þátta sem valdir voru, þ.e. urðunarsvæði og athafnasvæði. Stefna skipulagsins er ekki talin hafa veruleg áhrif á valda umhverfisþætti í heild en neikvæðra áhrifa mun gæta á jarðveg vegna urðunar og jarðvegsskipta á uppbyggingarsvæðinu. Jákvæð áhrif eru á atvinnuhúsnæði, efnahag og atvinnulíf vegna aukins framboðs á athafnalóðum.



## 5.6 Vöktunaráætlun

Rekstraraðila ber að fylgja áætlun um eftirlit og vöktun með urðunarstaðnum sbr. 16. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003. Vöktunaráætlun gerir ráð fyrir að sigvatn verði sá umhverfispáttur sem krefst vöktunar. Fyrir liggja mælingar á sigvatni frá árunum 1997 og 2001-2011 af núverandi urðunarstað. Voru þær mælingar gerðar af fulltrúa Heilbrigðiseftirlits Austurlands (sjá viðauka).

Hvað á að vakta?	Magn eftirtalinna efna í sigvatni úr mæliholum: súrefnisþörf (COD), ammóníum ( $\text{NH}_4^+$ ), leiðni, heildar nitur (heildar-N), heildar fosfór (heildar-P), blý (Pb), kvikasilfur (Hg), kadmíum (Cd), (AOX), króm (Cr), sink (Zn) o.fl. eftir atvikum.
Hver sér um vöktun?	Heilbrigðiseftirlit Austurlands (HAUST)
Hversu oft verður vaktað?	Árlega, fyrir 1. október
Hver er stefna í viðkomandi áætlun?	Að halda mengunarvaldandi efnum í sigvatni í lágmarki og undir viðmiðunarmörkum
Hvað þarf til að brugðist sé við áhrifum?	Ef losun mengunarvaldandi efna í sigvatni fer yfir viðmiðunarmörk
Hvernig skal brugðist við?	Yfirfara skal hreinsunarbúnað og efla ef þess gerist þörf



## 6 KYNNING OG SAMRÁÐ

Við gerð skipulagsins var samráð haft við eftirfarandi aðila:

- Heilbrigðiseftirlit Austurlands, í september 2011
- Verkstjóra áhaldahúss, í september 2011
- Rarik, í október 2011

Kynning var á efni og umfangi skipulagstillögu á íbúafundi þann 15. nóvember 2011

Kynning var á skipulagslýsingu frá 16. apríl til 23. apríl 2012. Umsagnir um skipulagslýsingu barst frá eftirfarandi aðilum:

- Heilbrigðiseftirliti Austurlands
- Landsneti

Kynning á drögum að tillögu á deiliskipulagi auk umhverfisskýrslu var haldin þann 3. maí 2012 með opnu húsi og athugasemdafrestur gefinn til 10. maí 2012. Tillagan var þá tekin fyrir í sveitarstjórn.

Skipulagstillagan og umhverfisskýrsla munu verða kynnt almenningi í dagblaði sem gefið er út á landsvísu, í Lögbirtingablaðinu, hjá Skipulagsstofnun, á skrifstofu og heimasíðu sveitarfélagsins. Gefinn verður sex vikna athugasemdafrestur.

Eintak af skipulagstillögu og umhverfisskýrslu hefur verið sent eftirfarandi aðilum til umsagnar:

- Heilbrigðiseftirliti Austurlands
- Landsneti
- Rarik
- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun



## 7 MÁLSMEÐFERÐ OG AFGREIÐSLA

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 31. ágúst 2015 til 12. október 2015 var samþykkt í hreppsnefnd þann 15. október 2015.



Sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps

Auglýsing um gildistöku skipulagssins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 06. nóvember 2015.

Skipulagið er staðfest með fyrirvara um niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem falla undir ákvæði laga nr. 106/2000 m.s.br.



## 8 HEIMILDIR

Guðný Zoëga o.fl. (2005). Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í Vopnafirði. Sauðárkrókur: Byggðasafn Skagfirðinga.

Guðrún Á. Jónsdóttir o.fl. (2005). Gróðurfar, dýralíf og verndargildi á vegarstæðum í Hofsárdal og Vesturárdal. Neskaupsstaður: Náttúrustofa Austurlands.

Hafsteinn Helgason og Emil Ágústsson (2008). Þjónustumiðstöð fyrir olíuleit á Drekasvæðinu - Staðarval og aðstöðusköpun. Reykjavík: Iðnaðarráðuneytið, Langanesbyggð og Vopnafjarðarhreppur.

Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2004-2016 (2004). Reykjavík: Umhverfisstofnun.

Nytjaland (á.á.) Sótt 10. október 2011 af <http://www.nytjaland.is/landbunadur/wgrala.nsf/key2/nytjaland.html>

Vopnafjörður - Tangi, Skógræktarfélag Vopnafirðinga (2001). Skógræktarkort. Reykjavík: Skógræktarfélag Íslands.

Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005-2020 (2006). Reykjavík: UMÍS ehf. Environice.



## 9 VIÐAUKAR

- Mengunarmælingar Heilbrigðiseftirlits Austurlands á núverandi urðunarsvæði
- Umsögn Umhverfisstofnunar um undanþágu vegna gassöfnunar





# HAUST

Mengunarmælingar á  
sorpögunarstöðum á Austurlandi

VOPNAFI			Nýpsíón		lækur frá urðunarstað	lækur frá urðunarstað	lækur frá urðunarstað	lækur frá urðunarstað	lækur frá urðunarstað	lækur frá urðunarstað	lækur frá urðunarstað	lækur frá urðunarstað	lækur frá urðunarstað	lækur frá urðunarstað (norðan við)	skurður frá urðunarstað (sunnan til)
			mæling	mæling	mæling	mæling	mæling	mæling	mæling	mæling	mæling	mæling	mæling	mæling	mæling
Starfsleyfi útgefið:			Jul-97	20.9.01	4/6/2002	9/14/2004	7/25/2005	9/26/2006	7/11/2007	7/29/2008	6/29/2009	8/24/2010	16.2.011	8/16/2011	
Mæla skal:	eining	losunar- mörk													
rennsli															
COD	mg/l	200	17	<10	<10	40	<10	15	78	98	44	<10	<10	<10	
NH4+	mg/l	10			0.41	0.12			4.1	8.1	6.95	11.4	5.04	15.7	
leiðni	uS/sm			181	202	190	180	247	181	290	400	540	330	410	
pH				7.9	7.15	7.8	6.85	7.05	6.85	9.4	6.3	6.95	6.6	6.5	
hitastig	°C														
Heildar-N	mg/l					0.62			3.4	7.3	6.32	11.3	6.3	13.2	
heildar-P	mg/l					0.08			0.21	0.79	0.18	0.091	0.043	0.149	
Pb	ug/l	0.5			< 0,05 mg/l								<0,6	<0,5	
Hg	ug/l	0.05			< 0,0004 mg/l								<0,02	<0,02	
Cd	ug/l	0.1											<0,05	<0,05	
AOX	ug/l	0.2							<0,010	<0,01		0.013	0.051	0.041	
NO3-	mg/l	50													
Fe	mg/l														
Cr	ug/l	0.5											<0,9	<0,9	
Cu	ug/l														
Zn	ug/l												416	219	
As	ug/l														
BOD5															
O2															
Tot ext aliphates															0.22
unpolar aliphates															0.1
tot ext aromates															0.18
olia/fita	mg/l														1.4
gas															
grugg	NTU														
Al															

verði tekið tillit til þess. Jafnframt verði sveitarfélaginu heimilað að byggja umsókn sína um nýtt starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn á Búðaröxl á ákvæði um afskekkt byggð eins og umrædd lög heimila.

Umhverfisstofnun staðfestir að hafa þann 3. júní 2011 fengið almenna kynningu á niðurstöðum þeirrar rannsóknar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem Vopnafjarðarhreppur vísar til í erindi sínu. Jafnframt hefur stofnunin fengið niðurstöður rannsóknarinnar í hendur í formi lokaritgerðar til meistaraþrófs við Háskóla Íslands. Eins og kom fram í fyrri umsögn Umhverfisstofnunar, dags. 12. maí 2011, sýna niðurstöður rannsóknarinnar að hlutfall metans sé á bilinu 30-57% í þeim þremur borholum sem úr voru tekin gassýni á urðunarstaðnum við Búðaröxl. Samkvæmt þessu er hlutfall metans yfir þeim 20% sem oft er miðað við sem lágmarkshlutfall til að hauggasið brenni án notkunar jarðefnaeldsneytis. Í áðurnefndri ritgerð er þetta hlutfall nefnt nýtingarmörk fyrir söfnunarkerfi hauggass og kemur þar fram að þar sem metanhlutfallið á urðunarstaðnum er hærra en þessi mörk þá teljist söfnun hauggassins þar tæknilega möguleg. Það ætti því með góðu móti að vera hægt að safna hauggasinu á staðnum og eyða því með bruna og lágmarka þar með losun gróðurhúsalofttegunda frá urðunarstaðnum. Í ritgerðinni eru þessar mæliniðurstöður settar inn í reiknilíkön, ásamt öðrum upplýsingum, til að áætla það magn hauggass sem myndast á urðunarstaðnum á hverri klukkustund. Niðurstaðan er að myndun metans við Búðaröxl verði u.þ.b. 1 m<sup>3</sup>/klst. árin 2012 og 2020. Er niðurstaðan sú að árlegt magn metans sem myndast sé svo lítið að lítil umhverfislegur ávinningur sé af söfnun hauggassins og eyðingu þess með bruna. Í ritgerðinni kemur fram að vegna ónákvæmni reiknilíkana beri að taka þessum niðurstöðum með fyrirvara en þar sem önnur gögn liggja ekki fyrir verður Umhverfisstofnun að notast við þær við mat á því hvort gasmyndun teljist veruleg eða óveruleg. Í ljósi þessarar niðurstöðu er það mat Umhverfisstofnunar að gasmyndun á urðunarstaðnum við Búðaröxl teljist óveruleg og því ekki ástæða til að gera kröfu um söfnun hauggass og eyðingu þess með bruna.

Að teknu tilliti til rökstuðnings Vopnafjarðarhrepps þá telur Umhverfisstofnun að urðunarstaðurinn við Búðaröxl þjóni afskekktu byggð, sbr. 3. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þó að í byggðakjarnanum búi nú 529 manns, sem er 5,8% yfir þeim 500 íbúum sem getið er í áðurnefndri lagagrein, þá telur Umhverfisstofnun rétt að taka tillit til þróunar íbúafjöldans síðustu ár og rétt að gefa íbúafjölda afskekktu byggða svigrúm til að fara allt að 10% yfir 500 íbúa hámarkið. Með því sé tekið tillit til eðlilegra sveifna í íbúafjölda. Þó að einungis 35 km séu frá Vopnafirði til Bakkafjarðar, sem er undir þeim 50 km sem getið er í áðurnefndri 3. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, þá eru íbúar Bakkafjarðar einungis 72 talsins og byggðarlagið uppfyllir mögulega sjálft skilyrði fyrir afskekktu byggð. Að mati Umhverfisstofnunar kemur því nálægð við Bakkafjörð ekki í veg fyrir að urðunarstaðurinn við Búðaröxl teljist þjóna afskekktu byggð.

Í ljósi ofangreinds gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við að urðunarstað Vopnafjarðarhrepps við Búðaröxl verði veitt undanþága frá kröfum um söfnun hauggass og eftirlit með hauggasi, sbr. 4. tl. í viðauka I við reglugerð um urðun úrgangs, út gildistíma núgildandi starfsleyfis, sem gefið var út 5. september 2002. Þegar kemur að útgáfu nýs starfsleyfis fyrir urðunarstaðinn verður stofnuninni síðan sjálfri heimilt að veita slíka undanþágu á grundvelli afskekktar byggðar, sbr. 26. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Þar sem urðunarstaðurinn þjónar afskekktu byggð telur stofnunin ekki þörf á að í stað gassöfnunar verði gerð krafa um að leitast verði við að gera aðrar ráðstafanir til að lágmarka losun metans frá urðunarstaðnum.

Virðingarfyllt  
f.h. Umhverfisstofnunar

*Sigríður Kristjánsd.*  
Sigríður Kristjánsdóttir  
deildarstjóri

*Guðm. B. Ingvarsson*  
Guðmundur B. Ingvarsson  
sérfræðingur

